

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2012/EES/67/32

frá 28. júní 2010

um viðurkenningu á Ísrael að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til viðurkenningar á atvinnuskírteinum (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 4227)

(2010/361/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna⁽¹⁾ einkum 3. mgr. 19. gr.,

með hliðsjón af bréfi, 13. maí 2005, frá yfirvöldum á Kýpur þar sem óskað er eftir viðurkenningu á Ísrael til þess að viðurkenna atvinnuskírteini sem það land gefur út,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríkin geta ákveðið að árita atvinnuskírteini farmanna, sem eru gefin út í þriðju löndum, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin viðurkenni að viðkomandi þriðja land fullnægi kröfum alþjóðasamþykktar um viðmiðanir að því er varðar menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, 1978, með áorðnum breytingum, (STCW-samþykktin) sem Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) hefur samþykkt.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur, að beiðni yfirvalda á Kýpur, metið kerfi fyrir menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna í Ísrael til þess að ganga úr skugga um hvort landið fari að kröfum STCW-samþykktarinnar og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini. Matið var byggt á niðurstöðum skoðunar til gagnaöflunar sem sérfræðingar á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu önnuðust í mars 2007.
- 3) Í þeim tilvikum sem annmarkar komu í ljós við mat á reglufylgni við STCW-samþykktina, létu yfirvöld í

Ísrael framkvæmdastjórninni í té viðeigandi, umbeðnar upplýsingar og sönnunargögn að því er varðar framkvæmd viðeigandi og fullnægjandi aðgerða til að ráða bót á flestum þessara annmarka.

- 4) Þeir ágallar sem eftir standa, að því er varðar verklagsreglur um þjálfun og útgáfu skírteina farmanna, varða aðallega skort á lagaákvæðum í tengslum við minniháttar þætti þjálfunarinnar, sem veitt er af hálfu mennta- og þjálfunarstofnana fyrir farmenn, skilgreiningu viðeigandi markmiða vegna beitingar gæðastaðlakerfis og þjálfunarkrafna í tengslum við aðferðir sem einstaklingar beita til að komast af og notkun björgunarfara. Yfirvöld í Ísrael hafa því verið hvött til að grípa til frekari aðgerða til úrbóta hvað þetta varðar. Þessir ágallar gefa þó ekki tilefni til efasemda um að kerfin í Ísrael samrýmist almennt ákvæðum STCW-samþykktarinnar að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna.
- 5) Niðurstaða mats á reglufylgni yfirvalda í Ísrael og mats á upplýsingum frá þeim sýnir að Ísrael uppfyllir viðeigandi kröfur STCW-samþykktarinnar og á sama tíma hefur landið gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini og skal því viðurkennt af hálfu Sambandsins.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ísrael hefur verið viðurkennt, að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna, í því skyni að viðurkenna atvinnuskírteini sem það land gefur út.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 161, 29.6.2010, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 56, 4.10.2012, bls. 35.

(¹) Stjtið. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem aðildarríkjunum hefur verið tilkynnt um hana.

Gjört í Brussel 28. júní 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Siim Kallas

varaforseti.
